

Lög, reglur og stefnur félagsins

Umngengnisreglur Umf. Selfoss

Umf. Selfoss leggur áherslu á góða umngengi, virðingu og ábyrgð í öllum mannvirkjum, sölum, völlum og félagsrymum sem félagið, deildir þess, iðkendur, þjálfarar og gestir nýta. Reglurnar eru settar til að tryggja öruggt, snyrtilegt og jákvætt umhverfi fyrir alla.

Góð umngengi er sameiginleg ábyrgð okkar allra

Allir sem koma fram fyrir hönd Umf. Selfoss, hvort sem það eru iðkendur, þjálfarar, stjórnarfolk, sjálfboðaliðar, foreldrar eða gestir, eiga að ganga vel um, sýna öðrum virðingu og fara eftir fyrirmælum starfsfólks mannvirkja, valla og félagsheimilis.

Efnisyfirlit

1. Gildissvið	2. Almenn umngengi
3. Íþróttahús og búningsklefar	4. Íþróttavellir og útisvæði
5. Ábyrgð þjálfara og deilda	6. Viðburðir, mót og leigutímar
7. Félagshemilið Tíbrá	8. Neysla og notkun efna
9. Myndataka og persónulegir munir	10. Skemmdir og viðurlög

1. Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir allt skipulagt starf á vegum Umf. Selfoss og deilda félagsins. Þær ná til æfinga, keppni, móta, viðburða, funda, félagsstarfs og annarrar notkunar á aðstöðu sem félagið eða deildir þess fá til afnota.

Reglurnar eiga meðal annars við um íþróttahús, íþróttasali, búningsklefa, baðklefa, áhaldageymslur, íþróttavelli, útisvæði, félagshemilið Tíbrá og aðra sali eða rými sem notuð eru í tengslum við starf félagsins.

Þegar starf Umf. Selfoss fer fram í mannvirkjum í eigu eða umsjón annarra aðila, svo sem Sveitarfélagsins Árborgar, skulu iðkendur, þjálfarar, deildir og gestir einnig fara eftir þeim reglum sem gilda í viðkomandi mannvirki.

2. Almenn umgengni

Góð umgengni er aðalsmerki félagsins. Allir notendur skulu ganga þrifalega um, sýna háttvísi og bera virðingu fyrir eignum mannvirkja, eigum annarra og því fólki sem starfar í og við aðstöðuna.

- 1 Skóm skal raðað snyrtilega í skóhillur eða á þá staði sem ætlaðir eru undir skófatnað.
- 2 Fatnaði, töskum og öðrum búnaði skal komið snyrtilega fyrir í búningsklefum eða á viðeigandi stöðum.
- 3 Rusli skal alltaf hent í ruslafötur og skilja skal við rými í sama eða betra ástandi en komið var að því.
- 4 Allir skulu sýna starfsfólki, iðkendum, þjálfurum, foreldrum, gestum og öðrum notendum kurteisi og virðingu.
- 5 Háreysti, átök, óþarfa hrindingar, hlaup á göngum og önnur hegðun sem getur skapað hættu eða óþægindi er óheimil.
- 6 Notendur skulu virða bókaða tíma og yfirgefa rými tímanlega svo næsti hópur geti tekið við aðstöðu.
- 7 Fara skal eftir öllum fyrirmælum starfsfólks mannvirkja, valla og félagsheimilis.

3. Íþróttahús, íþróttasalir og búningsklefar

Íþróttahús, íþróttasalir og búningsklefar eru sameiginleg aðstaða margra hópa. Því er mikilvægt að allir gangi vel um og virði öryggi, hreinlæti og skipulag hússins.

- 1 Iðkendur mega ekki fara inn í íþróttasal fyrr en kennari, þjálfari eða ábyrgðaraðili er mættur í salinn.
- 2 Nota skal viðeigandi skófatnað í íþróttasal. Í innanhússölum skal nota skó sem eru ætlaðir til innanhússnotkunar og skemma ekki gólf.
- 3 Gangu skal snyrtilega frá öllum áhöldum, boltum, mörkum, dýnum og öðrum búnaði á sama stað og búnaðurinn var tekinn.
- 4 Áhaldageymslur eru ekki leiksvæði. Börn og ungmenni skulu ekki fara inn í áhaldageymslur nema með leyfi þjálfara eða starfsmanns.
- 5 Búningsklefar og baðklefar skulu skilin eftir snyrtileg að lokinni notkun.
- 6 Óheimilt er að skilja eftir rusl, flöskur, fatnað, tape eða annan búnað í sal, klefum eða á göngum.
- 7 Þjálfari eða ábyrgðaraðili skal ekki yfirgefa sal fyrr en gengið hefur verið frá búnaði og iðkendur hafa farið úr salnum.

4. Íþróttavellir og útisvæði

Sömu kröfur um góða umgengni gilda á íþróttavöllum og útisvæðum og í íþróttahúsum. Deildir, þjálfarar, iðkendur og gestir skulu ganga vel um velli, áhorfendasvæði, búningsaðstöðu og önnur svæði sem notuð eru í tengslum við starf félagsins.

- 1 Gangu skal frá mörkum, keilum, vestum, boltum, æfingatækjum og öðrum búnaði eftir notkun.
- 2 Ekki skal skilja eftir rusl, flöskur, tape, fatnað eða annan búnað á völlum, í klefum eða á áhorfendasvæðum.
- 3 Virða skal merkingar, lokanir, grassvæði, gervigras, hlaupabrautir og annan búnað mannvirkja.
- 4 Óheimilt er að nota búnað eða svæði á þann hátt að það geti valdið skemmdum eða skapað hættu.

- 5 Skemmdir á völlum, búnaði eða mannvirkjum skal tilkynna strax til viðeigandi ábyrgðaraðila.
- 6 Við mót og viðburði skal deild eða ábyrgðaraðili tryggja að svæðinu sé skilað snyrtilegu að lokinni notkun.

5. Ábyrgð þjálfara og deilda

Þjálfarar, stjórnarfolk og ábyrgðaraðilar deilda gegna lykilhlutverki í því að tryggja góða umgengni, öryggi og skýra ábyrgð í starfi félagsins.

Starfsfolk íþróttamannvirkja, valla og félagsheimilis er ekki starfsfolk deilda Umf. Selfoss og ber ekki ábyrgð á iðkendum, viðburðum, búnaði eða frágangi deilda nema sérstaklega hafi verið samið um það.

Aðili	Meginábyrgð
Þjálfari eða ábyrgðaraðili hóps	Ber ábyrgð á iðkendum, hegðun hópsins, öryggi, notkun búnaðar og frágangi eftir æfingu eða viðburð.
Deild	Ber ábyrgð á mótum, leikjum, viðburðum, fundum og annarri notkun sem deildin stendur fyrir.
Iðkendur	Skulu fara eftir reglum, virða fyrirmæli, ganga vel um og bera virðingu fyrir öðrum notendum.
Foreldrar og forráðamenn	Bera ábyrgð á börnum utan skipulagðs æfinga- og keppnistíma og skulu styðja við góða umgengni.
Starfsfolk mannvirkja, valla og félagsheimilis	Sér um daglegan rekstur viðkomandi aðstöðu, en tekur ekki yfir ábyrgð deilda á hópum, viðburðum eða frágangi.

6. Viðburðir, mót og leigutímar

Þegar deild, hópur eða annar aðili fær aðstöðu til afnota fyrir leik, mót, fund, fjáröflun, félagsviðburð eða aðra starfsemi skal alltaf vera skýr ábyrgðaraðili.

- 1 Deild eða ábyrgðaraðili skal tryggja að viðburður sé undirbúinn í samráði við viðkomandi umsjónaraðila þegar það á við.
- 2 Ábyrgðaraðili skal kynna sér reglur hússins, vallarins eða rýmisins áður en notkun hefst.
- 3 Ef þörf er á gæslu, dyravörslu, opnun, lokun, þrifum eða sérstakri þjónustu skal semja um það fyrirfram.
- 4 Deild eða ábyrgðaraðili ber ábyrgð á frágangi, þrifum og skilaástandi eftir viðburð.
- 5 Allar skemmdir eða óhöpp skulu tilkynnt strax til starfsmanns eða umsjónaraðila.
- 6 Ef frágangur eða þrif eru ósættanleg getur deild eða ábyrgðaraðili þurft að bæta úr eða greiða fyrir aukaþrif.
- 7 Starfsfolk mannvirkja, valla eða félagsheimilis ber ekki ábyrgð á framkvæmd viðburða deilda, gæslu iðkenda eða frágangi eftir viðburð nema um það hafi verið samið sérstaklega.

7. Félagsheimilið Tíbrá

Tíbrá er félagsheimili Umf. Selfoss og mikilvægur samkomustaður fyrir félagið, deildir, sjálfboðaliða, iðkendur og gesti. Því er sérstaklega mikilvægt að gengið sé vel um húsið og að deildir skili þeim rýmum sem þær fá til afnota í góðu ástandi.

- 1 Deildir og hópar sem fá Tíbrá eða sali í Tíbrá til afnota skulu ganga vel frá eftir sig.
- 2 Stólar, borð, búnaður og aðrir munir skulu settir aftur á sinn stað að notkun lokinni.
- 3 Rusl skal fjarlæggt eða sett í viðeigandi ílát og skilja skal við eldhús, sali, ganga og salerni snyrtileg.
- 4 Ekki má festa upp auglýsingar, skreytingar eða annað efni á vegg, hurðir eða innréttingar nema með leyfi.
- 5 Ef eldhús eða veitingaaðstaða er notuð skal ganga frá öllum áhöldum, þurrka yfir fleti og skila rýminu hreinu.
- 6 Ef eitthvað skemmist, brotnar eða týnist skal tilkynna það strax til skrifstofu Umf. Selfoss eða ábyrgðaraðila hússins.
- 7 Deild eða ábyrgðaraðili viðburðar ber ábyrgð á að síðasti aðili yfirgefi húsið með öruggum og snyrtilegum hætti.

8. Neysla matar, drykkja, tóbaks, nikótíns og vímuefna

Reglur um neyslu eru settar til að vernda gólf, búnað, hreinlæti, öryggi og ímynd félagsins.

- 1 Óheimilt er að nota tyggigúmmí í íþróttasölum, búningasklefum, tækjasölum eða öðrum rýmum þar sem það er bannað.
- 2 Óheimilt er að neyta matar, sælgætis eða annarra drykkja en vatns í íþróttasal á æfingum nema sérstakt leyfi liggja fyrir.
- 3 Áhorfendur skulu aðeins neyta matar og drykkjar á þeim svæðum þar sem það er heimilt.
- 4 Notkun áfengis, vímuefna, ólöglegra lyfja, tóbaks, veips eða nikótínvara er óheimil í skipulögðu barna- og unglingastarfi félagsins.
- 5 Einstaklingum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er óheimilt að taka þátt í æfingum, keppni eða starfi með börnum og ungmennum.
- 6 Á viðburðum fullorðinna skal ávallt fara eftir lögum, reglum mannvirkis og fyrirmælum ábyrgðaraðila.

9. Myndataka, persónulegir munir og öryggi

Öryggi, persónuvernd og virðing fyrir öðrum eru grundvallaratriði í öllu starfi Umf. Selfoss.

Myndataka

- 1 Myndataka í búningasklefum og baðklefum er óheimil.
- 2 Myndataka af iðkendum skal vera í samræmi við reglur félagsins, persónuvernd og samþykki þar sem það á við.
- 3 Myndir eða myndbönd sem geta verið niðrandi, særandi eða brotið gegn friðhelgi annarra eru óheimil.

Persónulegir munir

- 1 Iðkendur og gestir bera sjálfir ábyrgð á fatnaði, sínum, töskum, peningum og öðrum persónulegum munum.
- 2 Umf. Selfoss, deildir félagsins og starfsfólk mannvirkja bera ekki ábyrgð á munum sem eru skildir eftir án eftirlits.
- 3 Verðmætum skal komið fyrir í læstum skápum eða geymslu þar sem slíkt er í boði.

Öryggi

- 1 Allir skulu fylgja fyrirmælum starfsfólks og ábyrgðaraðila þegar kemur að öryggi, rýmingu eða neyðartilvikum.
- 2 Neyðarútgangar og flóttaleiðir skulu ávallt vera greiðar og óhindraðar.
- 3 Ef slys, óhapp eða hættu kemur upp skal láta þjálfara, starfsmann eða ábyrgðaraðila vita strax.
- 4 Ef um neyðartilvik er að ræða skal hringja í 112.

10. Skemmdir, frágangur og viðurlög

Góð umgengni byggir á ábyrgð. Ef reglur eru brotnar, frágangur er ófullnægjandi eða skemmdir verða á húsnæði, völlum, búnaði eða eigum annarra getur það haft afleiðingar.

- 1 Sá sem veldur skemmdum á mannvirkjum, búnaði eða eigum annarra getur borið ábyrgð á fjárhagslegu tjóni.
- 2 Deild eða ábyrgðaraðili hóps getur borið ábyrgð á skemmdum eða ófullnægjandi frágangi sem tengist þeirra notkun.
- 3 Brot á umgengnisreglum geta leitt til munnlegrar áminningar, tilkynningar til foreldra eða forráðamanna, takmörkunar á aðgengi eða brottvísunar úr aðstöðu.
- 4 Ítrekuð eða alvarleg brot geta leitt til þess að einstaklingur, hópur eða deild fái ekki að nota viðkomandi aðstöðu tímabundið.
- 5 Umf. Selfoss getur krafið viðkomandi deild, hóp eða ábyrgðaraðila um úrbætur, þrif eða greiðslu kostnaðar vegna tjóns eða vanfrágangs.

Markmiðið er ekki að refsa heldur að tryggja góða umgengni

Viðbrögð við brotum eiga að vera sanngjörn, skýr og í samræmi við alvarleika máls. Allir eiga að fá tækifæri til að bæta ráð sitt, nema brot sé þess eðlis að bregðast þurfi við strax.

Sameiginlegt verkefni félagsins

Umgengnisreglur Umf. Selfoss eru settar til að styðja við öruggt, snyrtilegt og jákvætt íþrótt- og félagsumhverfi. Með því að ganga vel um sýnum við virðingu fyrir félaginu, mannvirkjum, sjálfbærni, starfsfólki, iðkendum og öllum þeim sem nýta aðstöðu okkar.